

Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld

Bókarhöfundur: Margrét Guðmundsdóttir

Bókarheiti: Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld

Gagnrýnandi: Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur

Útgáfa: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Reykjavík 2010, 441 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „*Bókin er þó ekki aðeins saga hjúkrunarstéttarinnar heldur er hún kvennasaga í breiðum skilningi því hún varpar ljósi á stöðu kvenna almennt, möguleika þeirra til menntunar og störf þeirra í samfélagi sem var að breytast úr bændasamfélagi í iðnaðarsamfélag og síðar yfir í þjóðfélag sem kallaði í sífellu auknum mæli á vinnuafli kvenna. ... Hér hefur verið einkar vel að verki staðið og Margrét Guðmundsdóttir bætir rós í sitt hnappagat með þessari vel og faglega unnu sögu.*“

HEILLANDI KVENNASAGA

Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld er mikið verk og ég ætla að segja það strax að ég er stórhreifin af því hvernig til hefur tekist. Bókin er afar læsileg, skemmtileg og í henni er mikið af myndum sem auka við efnið og gefa því aukið gildi. Talnaefni og skrár gera bókina enn nothæfari sem fræði- og uppflettirit. Með þessari bók er ekki aðeins sögð þróunarsaga hjúkrunar hér á landi heldur eignast hjúkrunarstéttin hér með ítarlega sögu sem meðal annars segir frá frumkvöðlum, baráttukonum, ævintýrakonum og ungum konum sem unnu sér til óbóta eða sýktust af farsóttum, ekki síst hinum mannskæðu berklum, og urðu að hætta að vinna ef þær ekki létust af völdum smitsjúkdóma. Margrét Guðmundsdóttir naut þess að hafa aðgang að persónulegum heimildum, einkum bréfum sem fyrstu kynslóðir íslenskra hjúkrunarkvenna skrifuðu formanni félagsins og varðveist hafa. Þau gefa sögunni persónulegan blæ og færa okkur nær einstaklingunum, lífi þeirra og kjörum. Þá gáfu hjúkrunarkonur sem síðar tóku upp starfsheitið hjúkrunarfræðingur nánast frá upphafi út félagsrit sem greinir frá umræðum innan félagsins, þróun hjúkrunarstarfa og samstarfi innanlands sem utan.

Bókin er þó ekki aðeins saga hjúkrunarstéttarinnar heldur er hún kvennasaga í breiðum skilningi því hún varpar ljósi á stöðu kvenna almennt, möguleika þeirra til menntunar og störf þeirra í samfélagi sem var að breytast úr bændasamfélagi í iðnaðarsamfélag og síðar yfir í þjóðfélag sem kallaði í sífellu auknum mæli á vinnuafli kvenna. Þá gefur það bókinni aukið gildi hvernig Margrét setur hjúkrunarsöguna í sögulegt samhengi með því að lýsa hvað var að gerast á hverjum tíma, hvernig kjör annarra hópa voru, bæði kvenna og karla, og hvernig sjúkdómar og heilbrigðisþjónusta þróuðust. Þá kemur afstaða ráðamanna til kvenna og hlutverks þeirra skýrt fram, hvort sem það voru einstakir læknar, spítalastjórnir eða stjórnálmenn sem tóku ákvarðanir um kaup og kjör. Jafnréttisbarátta kvenna hefur löngum átt við ramman reip að draga þótt bandamenn úr röðum karla hafi líka alltaf verið til staðar.

Ljósmeðranám og hjúkrun voru meðal fyrstu námsgreina sem konur áttu kost á að stunda og þóttu við hæfi þeirra auk kennslu. Lengst af voru konur til fárra fiska metnar og sú skoðun ríkjandi að þær ættu að fórná sér í þágu sjúkra og aldraðra og fyrir það áttu þær að fá lágmarksloun (bls. 111-163). Staða ljósmeðra og hjúkrunarkvenna var þó ólík framan af. Gert var ráð fyrir að ljósmeður væru giftar konur og því þurftu þær auðvitað nánast engin laun. Hjúkrunarkonur áttu hins vegar að vera ógiftar og þurftu því fæði, húsnæði, vinnuklæðnað og smáræði fyrir fötum og öðrum nauðsynjum. Að mörgu leyti ýttu konur sjálfar undir þetta mat á konum með því að leggja ómælda ólaunaða vinnu af hendi í þágu fátækra og sjúkra áratugum saman enda er framlag þeirra til heilbrigðismála á Íslandi með ólíkindum. Þær reistu Kópavogshælið, Kristneshælið, Hvíta bandið og lögðu gríðarlegt fé til byggingar Landspítalans. Þær tóku forystu í heilbrigðismálum og knúðu ríkisvaldið til framkvæmda en störf þeirra innan sem utan þessara stofnana voru sannarlega lítils metin. Þær voru þó að skapa vinnu fyrir konur. Í áratugi byggði hjúkrunarfélagið Líkn upp heilsugæslu, meðra- og ungbarnaeftirlit og berklavarnir, öllu stjórnað meira og minna af konum í sjálfböðavinnu. Þar með tóku þær ómakið af ríkinu og kannski fannst ráðamönnum lengi vel að þessi störf væri hægt að vinna í sjálfböðavinnu og þau ættu ekki að kosta neitt. Þessi bók er góð lesning fyrir þá sem velja vöngum yfir því hvers vegna enn ríkir launamisrétti kynjanna í þessu landi. Hluti skýringarinnar felst í veikri valdastöðu kvenna og viðhorfum þeirra og annarra til þeirrar „köllunar“ kvenna að fórná sér, hugmyndar sem haldið var að konum öldum saman. Það segir sína sögu að þegar unnið var starfsmat á vegum samtaka opinberra starfsmanna um 1970 voru störf hjúkrunarfræðinga sem höfðu þriggja ára sérnám að baki metin til jafns við störf tollvarða sem höfðu enga sérmenntun (bls. 385-386). Þeir unnu með peninga og

varning, hjúkrunarfræðingar með fólk og það þótti nú ekki merkilegt. Það hefur tekið langan tíma að breyta verðmætaminu ef það hefur þá tekist. Enn þykir ekki mikils virði að annast börn í okkar samfélagi. En aftur að Sögu hjúkrunar.

Bókin hefst á stofnun Félags íslenskra hjúkrunarkvenna og þar með eru frumkvöðlarnir kynntir til sögunnar (bls. 12-18). Fyrstu hjúkrunarkonurnar sem störfuðu hér á landi voru danskar, ráðnar til að vinna á Holdsvékraspítalanum í Laugarnesi sem tók til starfa rétt eftir aldamótin 1900 og var gjöf danskra Oddfellowa. Engar íslenskar konur voru þá menntaðar í hjúkrun en með komu dönsku kvennanna gafst tækifæri til að læra hjá þeim og vakin var athygli á starfinu. Hægt var að hefja námið hér á landi en til að ljúka því varð að fara til útlanda, oftast til Danmerkur. Meðal danskra hjúkrunarkvenna sem dvöldu hér um árabíl eða settust hér að voru þær Christophine Bjarnhéðinsson mágkona Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og Harriet Kjær sem lengi var yfirhjúkrunarkona í Laugarnesi og afar vinsæl og vel látin. Báðar lögðu mikið af mörkum til heilsugæslu og menntunar hjúkrunarkvenna, ekki síst Christophine sem helgaði Félagi hjúkrunarkvenna og hjúkrunarfélaginu Líkn starfskrafta sína eftir að hún giftist.

Það er hollt að minnst þess að smitsjúkdómur eins og holdsveiki var landlægur í fátæktinni og óþrífnaðinum hér og vitnar Margrét til frásagna sjúklinga sem sættu illri meðferð áður en holdsvekraspítalinn tók til starfa og vöktu ótta vegna hinna hræðilegu lýta sem sjúkdómnum fylgdu. Fyrir þá var mikil blessun að komast á sjúkrahús þar sem þeir fengu umönnun (bls. 83-87). Þá er saga hjúkrunar á Íslandi nátengd berklaveikinni sem var svo skæð hér á landi að reist var hvert hælið á fætur öðru sem öll voru troðfull af sjúklingum þar til berklalyfin komu til sögu upp úr miðri 20. öld. Berklahælin kölluðu fjölda hjúkrunarkvenna til starfa og allar urðu þær að vinna um tíma við hjúkrun berklasjúklinga (bls. 69-79).

Margrét rekur vel hvernig Félag íslenskra hjúkrunarkvenna hvatti stúlkur til að læra hjúkrun og valdi hverjar fengu leyfi til þess og hvert þær voru sendar til þjálfunar. Þær urðu að vera hraustar og siðþrúðar því hjúkrun var köllun að mati elstu kynslóða hjúkrunarkvenna. Þær urðu að vera ógiftar og barnlausar þótt einstaka sinnum væri gerð undantekning varðandi barn ef viðkomandi sýndi fram á að hún gæti stundað námið. Það varpar ljósi á veika stöðu kvenna hvað hjúkrunarkonur létu bjóða sér í vinnuálagi og lélegum launum áratugum saman. Var hugsjónin svona sterk, draumurinn um að hjúkra svo stór, litu þær þannig á að ekki byðist betri vinna eða létu þær einfaldlega kúga sig? Forystukonurnar reyndu að bæta kjörin með því að ákveða launataxta og stytta vinnutímann en framan af voru þær bæði hræddar og ráðalausar gagnvart ríkisvaldinu sem ákvað laun einhliða og lækkaði þau ef því sýndist svo. Hjúkrunarkonur áttu í stríði við heilbrigðisráðherrann Jónas frá Hriflu eins og svo margir aðrir á þriðja og fjórða áratug 20. aldar og hann lét ekki segja sér fyrir verkum (sjá 3. og 4. kafla). Áratugum saman fannst meirihluta hjúkrunarfræðinga ekki við hæfi að grípa til harðra aðgerða í kjarabaráttu sinni því það samrýmdist ekki ímynd og hlutverki stéttarinnar en það átti eftir að breytast eftir að kvennabarátta eflaðist hér á landi og styrkur stéttarinnar óx.

Margar konur eru nefndar til sögunnar en þar fór fremst í flokki Sigríður Eiríksdóttir sem var formaður Félags íslenskra hjúkrunarkvenna um áratugaskeið. Sigríður var gift kona og vann lítið við hjúkrun eftir að hún gifti sig enda þótti það ekki við hæfi framan af. Hún varði kröftum sínum í félagsstörf í þágu stéttar sinnar og varð því meira ágengt sem stéttin eflaðist. Hún ásamt fleiri stallsystur sínum byggði upp hjúkrunarnám, fyrst undir handarjaðri menntaðra hjúkrunarkvenna á heilbrigðisstofnunum, síðar innan Hjúkrunarskóla Íslands eftir að Landspítalinn tók til starfa 1930. Þar léku þær Kristín Thoroddsen og Sigríður Bachmann einnig stór hlutverk.

Það er afar fróðlegt að lesa um þær aðstæður sem namar og hjúkrunarkonur bjuggu við framan af og fátt lýsir betur hvernig lítið var á störf þeirra. Endalaus þrængsli, ekkert einkalíf, herbergi innan um sjúklinga, vinnutíminn frá því eldsnemma á morgnana fram á kvöld, hugsanlega með hléi um miðjan dag. Frídagar nánast engir. Það var niðst á hjúkrunarnemum enda urðu mjög margar þeirra hreinlega veikar vegna þrældóms á spítölunum (bls. 36-40). Þá er alveg með ólíkindum hvernig körlunum sem skipulögðu glænýjan Landspítala tókst að gleyma því að þar yrði að hjúkra. Ekki var gert ráð fyrir neinni aðstöðu fyrir hjúkrunarnema og varð að taka sjúkrastofu undir heimavist fyrir þær (bls. 197-199). Alltaf sama sagan, störf kvenna gleymdust.

Sagan af kjarabaráttu hjúkrunarkvenna alla öldina er afar merkileg og sýnir vel það sem ég nefndi hér að framan, að ríkjandi skoðun karlveldisins var sú að konur ættu að hafa lægri laun en karlar og vinna meira ekki síst ef þær unnu við umönnun. Vinnuvika hjúkrunarkvenna var stytta löngu eftir að aðrar

stéttir höfðu náð þeirri kröfu fram. Rökin voru þau að ef vinnutími þeirra stýttist yrði að ráða svo margar nýjar konur til starfa og það kostaði peninga. Gilti það ekki líka um aðrar stéttir? Á endanum var það skortur á hjúkrunarfræðingum og stóraukin menntun sem bætti kjör stéttarinnar en það kostaði líka mikla baráttu.

Ég hef dvalið hér að mestu leyti við fyrstu áratuginu í sögu hjúkrunarstéttarinnar enda er þar margt skemmtilegt og vekjandi að finna. Hér má bæta við andvörpum forystukvenna vegna þess hve fljótt hjúkrunarkonur gengu í hjónaband. Þar kom að farið var að gera ráðstafanir til að gera giftum konum kleift að vinna utan heimilis (bls. 286-290). Síðari hluti bókarinnar fjallar meðal annars um deilur um að færa menntunina upp á háskólastig sem varð niðurstaðan, átök um mismunandi launakjör eftir menntun, togstreitu innan stéttarinnar og sættir um síðir. Allt er þetta mjög fróðleg lesning sem varpar ljósi á breytta tíma. Í þeim hluta sögunnar verð ég að minnast Maríu Pétursdóttur sem lengi var í forystu hjúkrunarfræðinga, beitti sér fyrir aukinni menntun þeirra og vann að málefnum íslenskra kvenna, m.a. sem formaður Kvenfélagasambands Íslands. Það verðu því ekki annað sagt en að hjúkrunarstéttin hafi fætt af sér margar forystukonur frá upphafi enda verður stéttin sífellt öflugri, nú síðast í rannsóknnum og stjórnun.

Það er eindregið hægt að mæla með bókinni um Sögu hjúkrunar á 20. öld og óska hjúkrunarfræðingum til hamingju með hana. Hér hefur verið einkar vel að verki staðið og Margrét Guðmundsdóttir bætir rós í sitt hnappagat með þessari vel og faglega unnu sögu. Með þessari bók bætist enn einn þráður og hann styrkur í söguvef íslenskra kvenna.